

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Skólavist barna á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2022-2023**

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að sjá til þess að skólaskyld börn, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar. Skólaskyldan er að jafnaði tíu ár en getur verið skemmri. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-15 ára, er skylt að sækja grunnskóla.

Í maí 2023 voru samkvæmt Þjóðskrá Íslands 15.877 börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Reykjavík. Þar af stunduðu 13.988 nemendur nám í almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar, 100 í sérskólunum tveimur Klettaskóla og Brúarskóla og í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík stundaði 761 reykvískur nemandi nám. Samtals voru þetta 14.849 nemendur af fyrrnefndum 15.877.

Nám í almennum skólum í öðrum sveitarfélögum á Íslandi stunduðu 383 reykvísk börn og í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur stunduðu samtals 140 reykvísk börn nám, þar af 12 í sjálfstætt reknum sérskóla. Þá voru 12 börn sem annað hvort hefðu átt að vera 10. bekkingar í vor en voru útskrifuð eftir 9 ára nám eða hefðu átt að vera byrjuð í grunnskóla en voru í leikskóla.

Samtals 396 börn með lögheimili í Reykjavík voru staðsett erlendis og því ekki skráð í grunnskóla á Íslandi. Þetta voru börn sem dvöldu erlendis með foreldrum sínum, m.a. börn starfsmanna í sendiráðum. Eftir standa 97 börn sem ekki er vitað hvar eru með skólavist, hér eftir ótilgreinda skólavist, sjá nánari upplýsingar eftir töflu 1.

Tafla 1. Skólavist barna með lögheimili í Reykjavík skólaárið 2022 – 2023.

Skólavist	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Almennir skólar Reykjavíkurborgar	13988	88,1%
Sérskólar Reykjavíkurborgar	100	0,6%
Sjálfstætt starfandi skólar	761	4,8%
Samtals í skólum í Reykjavík	14849	93,5%
Almennir skólar utan Reykjavíkur	383	2,4%
Sjálfstætt starfandi skólar utan Reykjavíkur	128	0,8%
Sjálfstætt starfandi sérskólar utan Reykjavíkur	12	0,1%
Útskrifaðir eftir 9 ára nám eða í leikskóla	12	0,1%
Nemendur erlendis/sendiráð	396	2,5%
Ótilgreind skólavist/Mál í ferli	97	0,6%
Samtals með lögheimili í Reykjavík	15877	100,0%



Börn á grunnskólaaldri með ótilgreinda skólavist

Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um skólavist barns í skráningarkerfum sem skóla- og frístundasvið hefur aðgang að, er leitað upplýsinga hjá leik- og grunnskólum og haft samband við foreldra í gegnum síma og netföng ef slíkar upplýsingar liggja fyrir. Þá er aflað upplýsinga frá Þjóðskrá en þar fer fram mikil vinna við að fá upplýsingar um fjölskyldur viðkomandi barna.

Eins og áður sagði eru núna 97 börn á grunnskólaaldri með ótilgreinda skólavist en það er meiri fjöldi en verið hefur undanfarin ár. Langstærsti hluti hópsins eru börn sem bera erlend nöfn og má ætla að séu af erlendum uppruna og mörg þeirra eru nýkomin til landsins. Á skólaárinu 2022-2023 fjölgaði þannig nemendum í almennu skólum Reykjavíkur um 159 frá 1. október fram í maí sem er meiri aukning innan tiltekins skólaárs en undanfarin ár.

Mjög litlar upplýsingar er að finna um börn með óskilgreinda skólavist og langflest þeirra hafa aldrei verið í skólum í Reykjavík og að því er virðist ekki heldur á Íslandi. Þjóðskrá hefur skilgreint 30 tilvik af fyrrnefndum 97 á þann veg að stofnuð verði mál sem gætu leitt til þess að viðkomandi börn verði skráð úr landi. Í mörgum öðrum málum er vitað að móðir er farin úr landi og ekki ósennilegt að viðkomandi barn sé farið líka.

Enn er unnið að málinu og leitað verður leiða til að finna út úr hvar börn sem í dag hafa óskilgreinda skólavist, stunda nám.

Í meðfylgjandi fylgiskjali er skipting nemenda eftir árgöngum niður á skóla í Reykjavík í maí 2023. Þá stunduðu samtals 15.700 nemendur nám í grunnskólum í Reykjavík og hafði fjölgað um 169 frá 1. október, langmest í almennu skólunum eða um 159 eins og áður sagði. Hér er um að ræða alla nemendur í skólum Reykjavíkur, annarsvegar fyrrnefnda 14.849 nemendur sem eiga lögheimili í Reykjavík og hinsvegar þann 851 nemanda sem ekki á lögheimili í Reykjavík heldur er búsettur í öðrum sveitarfélögum eða er kennitölulaus. Alls eru í dag 84 börn án kennitölu í borgarreknu skólunum og sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík en hér er einnig um að ræða börn af erlendum uppruna sem ekki hafa dvalið lengi á Íslandi.

Tafla 2. Fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík skólaárin 2018/19-2022/23.

	Börn með lögheimili í Reykjavík	Nemendur í grunnskólum í Reykjavík
2018/19	15175	15097
2019/20	15385	15253
2020/21	15567	15483
2021/22	15534	15440
2022/23	15877	15700

Vinna við mótun miðlægs gagnagrunns

Árið 2020 lagði skóla- og frístundaráð til við mennta- og menningarmálaráðuneyti að komið yrði á fót samræmdu verklagi til að tryggja að engin börn fari á mis við skólagöngu á Íslandi. Mennta- og menningarmálaráðherra setti af stað starfshóp um skráningarkerfi grunnskólabarna. Starfshópurinn skilaði greinargerð til ráðherra árið 2021 þar sem hann lagði áherslu á mikilvægi þess að sett verði á fót miðlægt skráningarkerfi grunnskólabarna hér landi



svo til verði heildstæðar upplýsingar um skólavist grunnskólabarna sem nýtast ríki og sveitarfélögum til að framfylgja lögum um grunnskóla. Í kjölfarið var hafist handa í ráðuneytinu við að leggja mat á forgreiningu og tillögur starfshópsins.

Í svari ráðuneytis, dags 14. júní 2023 vegna fyrirspurnar skóla- og frístundasviðs um stöðu verkefnisins segir: „Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur í framhaldi af vinnu starfshóps um miðlægt skráningarkerfi grunnskóla átt frekara samráð við fulltrúa þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og Menntamálastofnunar um útfærslu á innleiðingu miðlægs gagnagrunns. Niðurstaða þeirrar vinnu er að stefna á að byggja miðlæga nemendaskráningu fyrir öll sveitarfélög landsins á þeim kerfum sem Reykjavíkurborg hefur komið sér upp til að halda utan um skráningu nemenda grunnskóla Reykjavíkur. Stefnt væri að útvíkkun þess kerfis fyrir landið allt og innleiðingu hjá öllum sveitarfélögum landsins með aðkomu Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Stafræns Íslands. Verið er að vinna að formfestingu samvinnu ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki nú í sumar“.

Grunnskólar Reykjavíkur

Nemendafjöldi skólaárið 2022-2023

Maí 2023

Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Birta	Alls maí 2023	Alls okt. 2022
Austurbæjarskóli	28	21	33	47	39	34	44	46	55	62		409	413
Alftamýrarskóli	41	40	41	34	42	33	44	45	38	40		398	398
Arbæjarskóli	35	55	58	71	37	65	56	118	100	113		708	686
Artúnsskóli	24	19	20	17	28	31	27					166	161
Borgaskóli	34	25	25	43	33	35	50					245	243
Breiðagerðisskóli	42	54	48	57	69	63	55					388	377
Breiðholtsskóli	41	44	34	42	50	49	42	45	52	52		451	440
Dalskóli	49	46	43	40	57	47	46	49	39	30		446	441
Engjaskóli	32	28	29	35	36	40	31					231	225
Fellaskóli	24	38	33	38	27	43	31	40	45	43		362	360
Foldaskóli	34	26	27	28	37	35	36	90	94	81		488	480
Fossvogsskóli	42	45	43	41	50	57	50					328	328
Grandaskóli	56	49	44	46	45	53	65					358	351
Hagaskóli								176	197	210		583	590
Hamraskóli	29	34	32	31	28	30	16					200	201
Háteigsskóli	37	40	43	41	67	63	54	71	44	50		510	500
Hlíðaskóli	68	51	59	68	66	51	69	69	49	52		602	599
Hólubrekkuskóli	43	44	56	64	45	58	48	41	56	33		488	480
Húsaskóli	16	31	14	24	24	20	15					144	137
Hvassaleitisskóli	20	29	28	29	19	29	29					183	179
Ingunnarskóli	30	21	28	33	33	27	44	38	46	35		335	327
Klébergsskóli	13	8	11	14	15	9	20	10	8	9		117	111
Langholtsskóli	65	68	66	60	64	71	77	87	92	85		735	727
Laugalækjarskóli							104	120	98	100		422	408
Laugarnesskóli	93	86	110	106	98	78						571	571
Melaskóli	67	74	82	66	73	84	102					548	536
Norðlingaskóli	43	51	64	57	51	63	76	67	65	52		589	594
Réttarholtsskóli								149	136	149		434	435
Rimaskóli	46	51	55	43	56	50	43	64	50	46		504	514
Seláskóli	22	27	21	25	32	23	36					186	187
Seljaskóli	57	54	52	81	63	66	76	67	71	58	35	680	641
Sæmundarskóli	33	40	35	38	48	38	58	48	51	54		443	437
Vesturbæjarskóli	36	30	46	37	44	44	48					285	284
Víkurskóli								87	67	67		221	229
Vogaskóli	47	22	35	39	31	36	41	34	31	41		357	372
Olduselsskóli	38	47	53	46	56	50	57	60	65	46		518	512
Samtals almennir	1285	1298	1368	1441	1463	1475	1590	1621	1549	1508		14633	14474
Barnaskóli Hjallastefnu, Reykjavík	29	36	24	26	18	21	11					165	167
Landakotsskóli	35	35	42	30	36	34	39	36	34	28		349	321
Skóli Ísaks Jónssonar	59	49	41	46								195	195
Suðurhlíðarskóli	1	1		3	4	8	14	7	10	6		54	57
Tjarnarskóli								17	20	17		54	55
Waldorfskólinn Sólstafr	6	12	13	7	12	11	9	12	6	11		99	99
Samtals sjálfstætt starfandi	130	133	120	112	70	74	73	72	70	62		916	894
Samtals alm. Og sjálfst.starf.	1415	1431	1488	1553	1533	1549	1663	1693	1619	1570		15549	15368
Brúarskóli				2	3	7	5	3	2	2		24	33
Klettaskóli	10	12	14	10	13	19	9	17	8	15		127	130
Samtals sérskólar	10	12	14	12	16	26	14	20	10	17		151	163
Samtals alm. og sérskólar	1295	1310	1382	1453	1479	1501	1604	1641	1559	1525		14784	14637
Samtals allir skólar	1425	1443	1502	1565	1549	1575	1677	1713	1629	1587		15700	15531